

# Förum varlega með rafmagnið



## Vangá veldur slysum

### Tíu ráð um rafmagnið

1. Munið eftir að slökkva á eldavélinni strax eftir notkun.
2. Takið raftæki úr sambandi þegar þau eru ekki í notkun.
3. Látið skipta strax um skemmdan rafbúnað.
4. Setjið aldrei sterkari peru í lampa en hann er gerður fyrir.
5. Hendið gömlum rafbúnaði sem er farinn að láta á sjá.
6. Reynið ekki að gera það sem aðeins fagmenn ættu að gera.
7. Prófið lekastraumsrofann nokkrum sinnum á ári.
8. Gætið þess að raftæki sem eiga að vera jarðtengd séu það.
9. Varist að staðsetja ljós of nálægt brennanlegu efni.
10. Gefið gaum að merkingum raftækja.

Þú berð ábyrgð á ástandi þess rafbúnaðar sem er á þínu heimili. Ef þú hefur minnsta grun um að eitthvað sé athugasvert skaltu leita hjálpar hjá löggiltum rafverktaka.

